



iceland

building global friendship

Bæjarstjórn Garðabæjar

CISV (Children international summer villages) er alþjóðleg friðarsamtök óháð stjórnámálum og trúarbrögðum. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1951 af Dr. Doris Allen, bandarískur barnasálfræðingur. Hugmynd Doris Allen var sú að börn frá ólíkum löndum kæmu saman, lærðu að lifa saman á grundvelli umburðalyndis og jafnréttis, lærðu að hugsa og draga ályktanir í anda alþjóðarvitundar og vinna þannig að friði í heiminum.

Okkur í stjórn CISV á Íslandi langar að biðja Garðabæ að gerast samstarfsaðilar samtakanna.

Sumarbúðir CISV – sumarið 2017

Á hverju ári sendir CISV á Íslandi um 70-100 börn til útlanda í sumarbúðir. Þriðja hvert ár halda samtökin þriggja vikna sumarbúðir á Íslandi fyrir ungmenni 14 – 15 ára, í ár verða þær haldnar frá 23. júní - 15. júlí. Undirbúningur starfsfólks okkar er þegar hafinn. Þau mæta síðan nokkrum dögum áður en búðirnar byrja, í það húsnæði sem við höldum búðirnar, og klára þann undirbúning sem þarf að gera.

Þátttakendur eru u.þ.b. 50 einstaklingar, stærstur hlutinn 14 ára ungmenni ásamt fararstjórum og leiðbeinendum og er undirbúningur fyrir sumarið í að hefjast.

Þetta eru alþjóðlegar sumarbúðir fyrir 14 ára ungmenni. Þetta er þannig uppbyggt að það koma hingað til landsins 8 hópar frá jafnmörgum löndum síðan er 1 hópur frá Íslandi. Hver hópur er með 4 ungmenni (2 strákar og 2 stelpur) og 1 fararstjóra sem er 21.árs eða eldri.

Heildarfjöldi í sumarbúðunum er:

- 11 ára börn 36 stk
- Fararstjórar 9 stk
 - Fararstjórar verða allir að vera orðnir 21 árs til að fá að fara með hóp í sumarbúðir.
- Starfsmenn 5 stk
 - Þetta eru þeir sem sjá um allt utanum hald á búðunum hér á Íslandi. Þau hafa oft reynslu af starfi CISV og farið sem fararstjórar útum allan heim á okkar vegum.
 - Starfsmenn okkar í sumar eru frá aldrinum 21. árs.
 - Starfsmenn skipta með sér verkum. Búðarstjóri ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri búðanna og um að halda sér innan fjárhagsramma. Ein mun sjá um að halda utan um alla pappíra sem viðkemur móttöku hópanna áður en þeir koma til landsins og í framhaldi af því að ber ábyrgð á því að allir hafi skilað tilskyldum pappírnum til að fá að taka þátt í búðunum. Einnig að taka saman og halda utanum allar þær upplýsingar sem þar koma fram. Annar starfsmaður mun sjá um að taka saman allar upplýsingar sem viðkemur sérfæði og ofnæmi og koma þeim upplýsingum til skila til viðeigandi aðila m.a. í eldhúsi Viðkomandi starfsmaður mun einnig sjá um öll tengsl við lækna, hjúkrunarfræðinga eftir því sem við á hverju sinni. Síðan hafa aðrir starfsmenn önnur hlutverk, s.s sjá um að öll hreinlætisaðföng séu til staðar, starf sem tengist skrifstofunni og fleiri tilfallandi störf á meðan búðum stendur.



iceland

building global friendship

Aðstaða sem þarf fyrir sumarbúðir CISV – sumarið 2017

- skólahúsnæði með aðgangi að skólastofum sem gistirými fyrir alla sem koma + rými fyrir fararstjóra, starfsfólk, sjúkrahvergi og fl. ca. 10 - 12 skólastofur
- stórt rými / salur fyrir þá dagskrá sem fer fram innandyra - þurfa að komast fyrir 50 manns í leikjum.
- útirými fyrir dagskrá sem fer fram utandyra
- flaggstöng
- sturtuaðstaða – þurfum að hafa aðgang að sturtum 1x á dag fyrir alla. Ef aðstaða er ekki í skólanum sjálfum er þá aðstaða í nærumhverfinu sem við gætum fengið aðgang að á ákveðnum tíma dags.
 - íþróttahús
 - sundlaug?

Eldhúsaðstaða

- aðstaða til að elda og framreiða mat fyrir 50 - 60 manns í þrjár vikur. Best ef það væri mótuneytiseldunarofn
- CISV á leirtau fyrir þennan fjölda (diska og glös)
- upphitunar eldhús hentar okkur ekki.
- frystigeymsla
- kæligeymsla

Kveðja fyrir hönd CISV á Íslandi

Halldóra Þ. Jónsdóttir, formaður

131068-4339

S. 692 6846